

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 80 kr, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Föstudaginn 29. október 1926.

Nr. 47/1926. **Sigurður Ágústsson og Hannes Jónsson** (Pjetur Magnússon)

gegn

Gísla Gíslasyni, og gagnsök

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf skaðabótum o. fl.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Hinir stefndu Hannes Jónsson og Sigurður Ágústsson greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn stefnanda Gísla Gíslasyni 455 kr. 38 aura með 5% ársvöxtum frá 29. desember 1924 til borgunardags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað af hálfu beggja aðila og eru aðalkröfur hvors þeirra um sig þær sömu sem fyrir undirjetti.

Svo sem samningurinn eða söluumbodið frá 14. júní 1924 ber með sjer átti meginandvirði íbúðarhússins og mótorbátsins að ganga til lúkningar skuld gagnáfrýjanda við Sparisjód Stykkishólms, er aðaláfrýjendur ásamt fleirum voru sjálfskuldarábyrgðarmenn fyrir. Hafði sparisjóðurinn krafid aðal-

áfrýjendur um greiðslu skuldarinnar vegna vanskila gagnáfrýjanda og var þeim vegna þessa fengið söluumboðið í hendur og kom á móti loforð þeirra um að greiða skuldina án rjettar til endurgjalds frá gagnáfrýjanda um fram það, er söluverð hússins og mótorbátsins hrykki til. Aðaláfrýjendur áttu þannig einnig eiginhagsmuna að gæta við söluna og var því aðstaða þeirra önnur en eftir venjulegu söluumboði. Verður eftir atvikum að telja, að í umboðinu felist rjettur til að fara í eða láta fara í íbúðarhúsið og einstök herbergi þess. Gagnáfrýjandi hafði að vísu áskilið sjer rjett til að búa í íbúðarhúsinu til 20. sept. 1924, en þetta verður að telja óverulegt aukaatriði í umboðinu og það því fremur, sem gagnáfrýjandi og kona hans voru um stundarsakir farin úr húsinu áður en salan fór fram. Máttu því aðaláfrýjendur ganga út frá því, að gangáfrýjandi mundi fremur vilja falla frá þessu skilyrði en verða af kauptilboði, er hann undir rekstri málsins hefir viðurkent að var viðunandi hvað söluverðið snertir, enda hafði kona gagnáfrýjanda í brjefi dags. 13. júní 1924 gert ráð fyrir því, að húsgögnin kynnu að verða flutt úr húsinu áður en hún kæmi heim. Verður því að líta svo á, að það hafi verið vítalaus framkvæmd á söluumboðinu, að áfrýjendur seldu og afhentu húsið svo sem þeir gerðu og ljetu flytja húsgögn gagnáfrýjanda úr því áður en sá tími var liðinn, er hann hafði áskilið sjer að búa í húsinu.

Þá er það og upplýst í málinu, að aðaláfrýjendur ljetu sjer ant um, að vel væri farið með húsmuni gagnáfrýjanda, er þeir voru fluttir úr húsinu og var það gert undir umsjón kvenmanns, er kona gagnáfrýjanda hafði í brjefinu 13. júní 1924 beðið að sjá um flutning þeirra, ef hann færi fram áður en hún

kæmi heim. Ennfremur að aðaláfrýjendur hafa á sinn kostnað útvegað viðunandi geymslustað fyrir húsgögnin og látið flytja þau heim til gagnáfrýjanda, er hann kom aftur til Stykkishólms. Hefir gagnáfrýjandi ekki sannað, að skemdir hafi orðið á búmununum við flutninginn eða neitt af þeim hafi vantað, er þeim var skilað, og verða aðaláfrýjendur því ekki dæmdir til að greiða bætur fyrir vöntun eða skemdir á þeim.

Þá verður krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir húsaleigu ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að við það að aðaláfrýjendur afhentu húsið um leið og salan fór fram spöruðust gagnáfrýjanda vextir af sparisjóðsskuldunum, er námu meiru en tekjur gagnáfrýjanda af húsinu munda hafa orðið frá því er salan fór fram til 20. sept, og hefir vaxtaupphæðin verið færð gagnáfrýjanda til tekna í skilagreininni fyrir sölunni.

Að því er snertir söluna á mótorbátnum þá er það upplýst í málinu, að hann var ekki í nothæfu ástandi er samningurinn 14. júní 1924 var gerður og aðgerð á honum nauðsynleg til þess að salan gæti farið fram. Hafa aðaláfrýjendur lagt fram sundurliðaða skilagrein fyrir aðgerðarkostnaðinum og er það rjettilega tekið fram í dómi undirrjettarins, að gagnáfrýjandi hefir ekki með rökum sýnt fram á, að viðgerðin hafi verið meiri en þurfti að vera, og ekki sannað, að hærra söluverð hafi verið fánlegt fyrir bátinn, en hann var seldur fyrir. Verður því að fallast á, að hjeradsdómarinn hefir sýknað aðaláfrýjendur af kröfu gagnáfrýjanda útaf vangreiðslu á kr. 1172,08 af söluverði bátsins.

Loks verður krafa gagnáfrýjanda til vangreiddrar leigu af bátnum, eftir að gert hafði verið við

hann, ekki tekin til greina. Aðaláfrýjendur höfðu umráð yfir bátnum og máttu leigja hann gagnáfrýjanda til hags svo sem þeir gerðu. Hafa þeir lagt fram óvjesfengda sundurliðaða skýrslu yfir þessar leigutekjur af bátnum og fært gagnáfrýjanda þær til tekna í skilagreininni og átti gagnáfrýjandi ekki rjett á að fá aðra eða meiri leigu af bátnum en goldist hafði og skilagreinin tilgreinir

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna aðaláfrýjendur af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, og þykir rjett eftir þessum úrslitum og málavöxtum að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti, er ákveðst samtals 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjendur, Sigurður Ágústsson og Hannes Jónsson, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Gagnáfrýjandi, Gísli Gíslason, greiði aðaláfrýjendum 400 kr. í málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Með samningi gjörðum milli aðilja máls þessa hinn 14. júní f. á. fól stefnandi Gísli Gíslason, formaður í Stykkishólmi, hinum stefndu Hannesi Jónssyni dýralækni og Sigurði Ágústssyni bókhaldara, báðum í Stykkishólmi, að selja íveruhús sitt í Stykkishólmi ásamt lóðarrjettindum og tilheyrandi, svo og mótorbát sinn „Sæljónið“ með vjel, seglum og öðru tilheyrandi, og skyldi andvirði eignanna ganga til greiðslu á ábyrgðarláni stefnanda úr Sparisjóði Stykkishólms, að upphæð þá með áföllnum vöxtum frá 23. maí 1923 kr. 4782,00, sem hinir stefndu ásamt fleirum voru

ábyrgðarmenn fyrir, og ennfremur til greiðslu á fasteignarveðláni úr Sparisjóði Stykkishólms með 1. veðrjetti í húseigninni, að upphæð þá með áföllnum vöxtum frá 29. september 1923, kr. 1026,00. Allur nauðsynlegur kostnaður leiðandi af sölunni skyldi ennfremur greiðast af andvirði eignanna. Alt, sem stefndu gjörðu sölunni viðvikjandi skyldi jafngilt og stefnandi hefði gjört það sjálfur. Stefndi áskildi sjer í samningnum rjett til að búa í íveruhúsinu til 20. september f. á. Hinir stefndu tóku í samningnum að sjer að greiða tjeðar sparisjódsskuldir stefnanda að fullu, hvort sem andvirði eignanna reyndist nægilegt eða eigi til lúkningar skuldanna. Loks er í samningnum ákveðið, að rísi mál út af samningnum skuli það rekið fyrir gestarjetti í Stykkishólmi.

Með stefnu útgefinni 29. des.br. f. á. hefir stefnandi, Gíslí Gíslason, höfðað mál þetta fyrir gestarjetti sýslunnar í Stykkishólmi gegn hinum stefndu Hannesi Jónssyni dýralækni og Sigurði Ágústssyni bókhaldara í Stykkishólmi, og skýrt frá því, að þrátt fyrir það þótt honum hefði með framangreindum samningi verið áskilinn rjettur til að búa í íveruhúsinu til 20. sept.br. f. á., hefði stefndi Sigurður Ágústsson látið hinn 13. júlí f. á. stínga upp hús stefnanda að honum og konunni fjarverandi, er þá stunduðu bæði atvinnu á Vestfjörðum, flytja húsgögn hans úr húsinu, og ennfremur hafi leigutaki þeirra í húsinu, tengdamóðir stefnanda, orðið að fá sjer leigt annarsstaðar. Tekur stefnandi fram, að húsgögn þeirra hjóna hafi orðið fyrir hnjaski við flatninginn eins og gengur og gerist, og þótt hann eftir heimkomu sína til Stykkishólms 6. sept.br. f. á. hafi fengið flest af lausafje sínu aftur, hafi það verið á ringulreið og tekið talsverðan tíma að koma því í lag. Krefst stefnandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer 2000 kr. í skaðabætur fyrir skemdir á húsinu og húsgögnum, vinnu við að koma húsgögnunum í lag, svo og fyrir álitshnekki og hneysu, er hann hafi bedið af þessu; auk þess hafi hann komið til Stykkishólms 6. sept.br. f. á. og átti þá rjett á að hafa húsið til afnota í 14 daga. Húsið hafi hinir stefndu selt fyrir 4200 kr., og hefir stefnandi ekkert við það að athuga. Í öðru lagi tekur stefnandi fram, að hinir stefndu hafi notað mótorbátinn „Sæljónið“ heimildarlaust á tímabilinu 4.—23. septbr. f. á. og selt hann síðan fyrir 3200 kr., eftir að hafa áður látið gera við hann fyrir kr. 1422,08. Nauðsynlegan kostnað við aðgerð bátsins telur stefnandi hafa verið í mesta lagi kr. 250,00, og telur því til skuldar hjá hinum stefndu út af mótorbátssölunni

kr. 1172,08. Fyrir notkun bátsins á tímabilinu 4.—23. sept. f. á. eða 20 daga reiknar stefnandi 10 kr. í leigu á dag eða kr. 200,00 yfir tímann; fyrir nefnt tímabil færa hinir stefndu stefnanda til tekna samkvæmt sundurliðaðri skrá samtals kr. 144,62. Mismuninn eða kr. 55,38 krefur stefnandi sjer tildæmdan. Samkvæmt þessu gjörir stefnandi eftirgreindar dómkröfur:

1. Skaðabætur fyrir skemdir á húsgögnum og húsi, leigutap o. fl. kr. 2000,00
2. Vangreitt af söluverði m/b. „Sæljónið“ . . . — 1172,08
3. Vangreidd leiga fyrir sama bát — 55,38

Upphæðina kr. 3227,46

krefur stefnandi hina stefndu dæmda til að greiða in solidum ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Að því er l. liðinn í dómkröfum stefnanda snertir, hafa hinir stefndu tekið fram, að kaupandi sá, er þeim tókst að fá að húseign stefnanda, hafi gjört það að skilyrði fyrir kaupum á húsinu, að hann fengi húsið til íbúðar um miðjan júlímánuð f. á., og með því að þeim var það áriðandi að missa ekki af kaupandanum, hafi þeir gjört ítrekaðar tilraunir til að ná símasambandi við stefnanda eða konu hans til þess að fá samþykki þeirra til flutnings húsgagnanna úr húsinu í því skyni, en er ekki tókst að ná samþykki þeirra hjóna til þessa símleidis, hafi þeir til að missa ekki af kaupandanum neyðst til að láta flytja húsgögnin úr húsinu og í trygga geymslu í öðru húsi í Stykkishólmi. Í húsinu bjó yfir sumarið tengdamóðir stefnanda og var húsið því opið, aðeins þurfti að opna eina stofuhurðarskrá með bognum nagla og skemdir á húsinu hafi alls engar orðið. Tengdamóðir stefnanda hefir vottað að hún hafi flutt góðviljuglega úr húsinu og í annað hús í Stykkishólmi, og greiddi stefndi Sigurður Ágústsson húsaleigu þar fyrir hana til 1. október f. á. Húsaleigu fyrir húsgögn stefnanda hafi hinir stefndu greitt, og eftir heimkomu stefnanda og konu hans til Stykkishólms snemma í september f. á. hafi þeir flutt húsböggnin heim í hina nýju íbúð þeirra í Stykkishólmi og afhent húsgögnin með bestu skilum að sögu hjónanna sjálfra þá. Við sölu húss þessa fyr en 20. septbr. f. á. hafi stefnanda áskotnast vextir frá kaupandanum 84 kr., og fyrir sölnu á húsinu og mótorbátnum hafi þeir alls ekkert reiknað. Krefjast hinir stefndu því algjörðrar sýknunar af tjeðri 2000 kr. skaðabótakröfu stefnanda.

Að því er snertir kröfu stefnanda um að fá tildæmdar kr. 1172,08, sem vangreiddar af söluverði m/b. „Sæljónið“ og vangreidda leigu fyrir bátinn kr. 55,38, hafa hinir stefndu tekið fram, að er þeir fengu söluumboð fyrir bátnum, hafi hann verið ónothæfur sakir stórfeldra bilana og yfirleitt í algjörðu lamasessi, og því enginn kostur þess að selja bátinn nema því að eins, að gagngjörð aðgerð færi áður fram á honum og vjel hans, þannig að sýnt yrði, að báturinn væri í nothæfu ástandi, og hafi þeir því neyðst til að láta umrædda aðgerð á bátnum fara fram. Ennfremur hafi verið nauðsyn þess, að báturinn væri látinn fara nokkrar reynsluferðir að viðgerðinni lokinni, til þess að reynsla fengist fyrir því til leiðbeiningar fyrir kaupanda, hvort vjelin væri í nothæfu standi. Krefjast hinir stefndu því algjörðrar sýkunar einnig af þessum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Eins og að framan greinir, hafði stefnandi í samningnum við hina stefndu dags. 14. júní f. á., áskilið sjer rjett til að búa í íveruhúsinu til 20. september f. á., og hinir stefndu undirgengist það skilyrði samningsins gagnvart stefnanda. Við þetta ákvæði voru hinir stefndu því bundnir, og þótt kaupandi að húsinu setti það skilyrði af sinni hálfu fyrir kaupinu að húsið fengist laust úr íbúð stefnanda um miðjan júlí f. á., gat það út af fyrir sig ekki, án þess að samþykki stefnanda lægi fyrir, veitt hinum stefndu rjett til að rifta þessu ákvæði samningsins og til að svifta stefnanda þá þegar notkunarrjetti að húsinu. Þar sem hinir stefndu þannig gagnstætt samningnum tóku undir sig að stefnanda fornsparðum umráðarjett og afnot hússins þegar um miðjan júlí f. á. og fluttu húsgögn stefnanda úr húsinu, hafa þeir þar með bakað sjer skadabótaskyldu gagnvart stefnanda. Með vitnaframburði er það sannað í málinu, að engar skemdir urðu á húsinu við flutning þennan og söluverð hússins því ekki lækkað af þeirri ástæðu, enda hefir stefnandi beint lýst því yfir í málinu, að hann hefði ekkert að athuga við söluverðið. Stefnandi hefir eigi heldur sannað, að neinar vantánir hafi orðið á húsgögnum sínum, nje að sjerstakar skemdir hafi orðið á þeim, og gengu vitnisburðir flutningsmanna húsgagnanna í sömu átt. Hinsvegar þykir sá framburður stefnanda hafa við rök að styðjast, að búslóð hans hafi orðið fyrir óhjákvæmilegu hnjaski við flutningana fram og aftur og komist á ringulreið í flutningunum og það orsakað nokkra vinnu að koma munum í lag á hinum nýja bú-

stað stefnanda í Stykkishólmi; einnig hefir flutningurinn bakað stefnanda hálfsmánadar húsaleigugreiðslu frá heimkomu hans 6. september f. á. til 20. s. m. Auk þess telur stefnandi sig hafa orðið fyrir álitshnekki og vansa af völdum hinna stefndu við að búslóð hans var borin út úr húsinu, og felst rjetturinn á það. Hinsvegar þykir skadabótakrafa stefnanda 2000 kr. keyra úr hófi með tilliti til að engar vantaniir eða sjerstakar skemdir urðu á húsgögnunum.

Eftir álitu rjettarins þykja skadabæturnar hæfilega ákveðnar 400 kr., og er þar við einnig tekið tillit til þess, að sakir losunar hússins úr íbúð þegar um miðjan júlímánuð hafa stefnanda bæst vextir frá kaupanda hússins, og fær hann því samkvæmt skilagrein hinna stefndu greiddan afgang af andvirði eignanna kr. 76,80.

Að því er sölu mótorbátsins „Sæljónið“ snertir athugast, að stefnandi hafði með samningnum 14. júní f. á. falið hinum stefndu að selja bátinn án nokkurs fyrirvara um upphæð söluverðs nje um sölutíma, og höfðu hinir stefndu því heimild til að taka bátinn í sínar hendur til söluráðstafana. Samkvæmt söluumboðinu skyldi allur nauðsynægur kostnaður leiðandi af sölnunni greiddast af andvirðinu. Nú hefir stefnandi sjálfur viðurkennt, að aðgerð hafi þurft að fara fram á bátnum, en telur að 250 krónur hefðu átt að nægja í því skyni. Verður því ekki álitid að það komi í bága við söluumboðið, þótt stefndu hafi látið gjöra við bátinn til þess að gjöra hann seljanlegan, enda hafa stefndir með framburðum vitna leitt rök að því, að báturinn hafi verið í ónothæfu standi og mjög af sjer genginn. Hinn framlagða sundurliðaða reikning yfir viðgerðarkostnaðinn hefir stefnandi ekki með rökum hrakið, nje sýnt rökstutt fram á, hverjir liðir hans hafi verið ofhár eða með öllu óþarfir. Hin almennu mótmæli stefnanda hjer að lútandi geta því eigi orðið tekin til greina. Stefnandi hefir eigi heldur sannað, að „Sæljónið“ hefði getað orðið selt fyrir hærra verð en hinir stefndu seldu það fyrir og ekki bent á neinn lysthafanda að bátnum, en því hinsvegar ómótmælt framhaldið af hinum stefndu, að hann hafi haft bátinn árangurslaust á boðstólum undanfarin missiri. Samkvæmt þessu verður því að sýkna hina stefndu af kröfum stefnanda um tildæming á vangreiddum kr. 1172,08 af söluverði mótorbátsins „Sæljónið“.

Hinsvegar þykir notkun hinna stefndu á mótorbátnum „Sæljónið“ á tímabilinu 4.—23 september f. á. ganga út fyrir það

sem nauðsynlegt hefði verið til reynsluferða til leiðbeiningar fyrir væntanlegan kaupanda um nothæfi bátsins, og athugast í því sambandi, að samningur aðilja 14. júní f. á. heimilar aðeins sölu en ekki notkun eða útleigu bátsins. Hinir stefndu hafa að visu haldið því fram, að samninginn beri að skoða sem fullkomna afhending eignanna í þeirra hendur, en sá skilningur þeirra hefir ekki stöð í samningnum. Stefnandi hefir haldið því fram, að báturinn muni hafa skemst við notkun hinna stefndu á bátnum á umræddu tímabili, en þar sem hann gegn neitun hinna stefndu hefir engar sönnur færð fyrir þessari staðhæfing sinni, getur hún eigi orðið tekin til greina. Fyrir notkun á bátnum nefnt tímabil hefir stefnandi eins og áður greinir sett upp 200 kr. leigu, og hinir stefndu ekki til vara rökstutt mótmælt hæð leigunnar fyrir tímabil þetta. Í skilagrein hinna stefndu eru stefnanda færðar til tækna fyrir notkun bátsins á þessu tímabili kr. 144,62. Mis- muninn kr. 55,38 þykir eiga að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda.

Samkvæmt framangreindu ber þannig að dæma hina stefndu til þess in solidum að greiða stefnanda kr. 400,00 + kr. 55,38 eða samtals kr. 455,38, með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 29. desember 1924 til borgunardags.

Eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. okt. 1926.

Nr. 43/1926

Grímur Sigurðsson
 gegn
Jóni Hannessyni.

Dómur hæstarjettar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Grímur Sigurðsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til rikissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.
